

REGLUGERÐ

171

19. okt.

um skemmtanaskatt í Öngulsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Öngulsstaðahreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestur.
- b. Söngskemmtanir og hljómléikar.
- c. Sjónléikar.
- d. Kappléikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansléikar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru hér taldar sérstaklega.

3. gr.

Af þeim skemmtunum, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgönguyri, og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþága frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, til fræðslu eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði auðveldlega rifnir í tvennt.

Eigi síðar en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, svo og stofna af seldum miðum, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. Oddviti eða eftirlitsmaður getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

171

19. okt.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður færir inn í sérstaka skemmtanaskattbók nafn forstöðumanns, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina, tölu óseldra miða og seldra, og útreikning skattsins. Falli skemmtun niður, skal þess getið í bókinni.

Nú sannar forstöðumaður fyrir oddvita eða eftirlitsmanni, að einhverjum miðum hafi verið útbýtt ókeypis, og er þá rétt, að eigi sé greiddur skattur af þeim miðum, enda teljist þeir þá í skemmtanaskattbókinni meðal skilaðra miða.

9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins og verja því til hvers konar menningar- og framfaramála í Öngulsstaðahreppi eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00. Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 19. október 1957.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

172

24. okt.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

Staðfest:

145. Árskógshrepps, Eyjafjarðarsýslu	11. okt. 1957.
146. Bólstaðarhlíðarhrepps, Austur-Húnavatnssýslu	11. — 1957.
147. Eyrarbakkaahrepps, Árnessýslu	11. — 1957.
148. Gnúpverja, Árnessýslu	11. — 1957.
149. Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu	11. — 1957.
150. Lýtingsstaðahrepps, Skagafjarðarsýslu	11. — 1957.
151. Skarðshrepps, Dalasýslu	11. — 1957.
152. Skriðdalshrepps, Suður-Múlasýslu	11. — 1957.
153. Fremri-Torfustaðahrepps, Vestur-Húnavatnssýslu	11. — 1957.